

**Nd.**

**477. Nefndarálit**

**[100. mál]**

um frv. til l. um innflutning og úthlutun jeppabifreiða til landbúnaðarþarfa o. fl.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur yfirfarið frv. og rætt það á fundum sínum. Er nefndin sammála um, að eins og sakir standa sé full þörf á fyrirmælum um þetta efni og að ákvæði frv. stuðli mjög að því að tryggja það, sem að er stefnt með frv. Nefndin leggur því til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

**BREYTINGUM:**

1. Við 3. gr. Síðasti málsliður falli burt.

2. Við 6. gr.

a. 1. tölul. orðist þannig:

Að þeir einir komi til greina, er geta vegna samgönguskilyrða haft full not bifreiðanna til flutnings á fólki og vörum að og frá heimilum sínum.

b. Aftan við 3. tölul. komi: og mesta hafa flutningsþörfina.

c. 4. tölul. falli niður.

d. 5. tölul. orðist svo:

Nú er ekki teljandi munur á aðstöðu umsækjenda, og skal þá láta tvo eða fleiri bændur, sem sameinast um eina bifreið, ganga fyrir einstaklingum.

Alþingi, 21. marz 1949.

Steingr. Steinþórsson,  
form.

Jón Pálmason,  
fundaskr.

Jón Sigurðsson,  
frsm.

Ásg. Ásgeirsson.

Sigurður Guðnason.